

Miðvikudaginn 2. október 1996.

Nr. 368/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Lindu Björk Daníels

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Einnig er gerð krafa um kærumálskostnað.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 8. nóvember nk. kl. 16.00.

Varnaraðili hefur meðal annars viðurkennt að hafa falsað og notað í viðskiptum 34 tékka á tímabilinu frá maí til september 1996, samtals að fjárhæð 561.500 krónur. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 24. september 1996 kvaðst varnaraðili neyta fíkniefna daglega og fjármagna neyslu sína með tékkafalsi. Samkvæmt þessu verður fallist á það með héraðsdómara, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, en sóknaraðili hefur ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 24. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Lindu Björk Daníels, með lögheimili að

Fannarfelli 12, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 8. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur játað sakargiftir. Um er að ræða fölsun á samtals 38 tékkum í desember 1995 og frá því í maí á þessu ári. Þá hefur hún játað lítils háttar þjófnað úr verslun Hagkaups í Hólagarði. Á sakavottorði kærðu kemur fram, að hún hlaut 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga í september 1988. Ári síðar var hún sektuð og svipt ökuréttindum fyrir brot gegn umferðarlögum.

Kærða kveðst hafa verið atvinnulaus um nokkurra ára skeið, og er hún nú heimilislaus.

Kærða hefur framið allmörg brot síðustu mánuði. Fallast ber á það með verjanda, að brotin hefur hún játað greiðlega og að um hóflegar fjárhæðir er að ræða. Þó að kærða hafi lítils háttar framfærslueyri frá Félagsmála-stofnun og hafi í hyggju að taka húsnæði á leigu, verður með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að gera henni að sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldstíminn ákveðst í fjórar vikur til þriðjudagsins 22. október nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Linda Björk Daníels, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 22. október 1996 kl. 16.00.
